

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2008 02-2008100468
T-ums 27/08

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun - 4. mál -
Heildarlög.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 24. október 2008 mótttekið bréf yðar dagsett 23. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga Efnahagsstofnun - 4. mál, þskj. 4.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót óháð stofnun, Efnahagsstofnun, sem heyri undir Alþingi. Stofnuninni er ætlað að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og útgáfu þjóðhagsspáa og -áætlana. Þá er stofnuninni ætlað að veita Alþingi, ríkisstjórn, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum og fleirum ráðgjöfum um efnahags- og þjóðhagsmál.

Að mati ríkisskattstjóra setja frumvarpshöfundar fram metnaðarfullar og vel rökstuddar tillögur með áhugaverðum sjónarmiðum. Ef frumvarpið yrði að lögum myndi slíkt óneitanlega kalla á náð samstarf með ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri telur að ekkert standi í vegi fyrir því að slíkt samstarf gæti átt sér stað.

Tillögurnar eru í eðli sínu stjórnkerfisbreyting sem fellur utan við verk- og valdsvið ríkisskattstjóra að fjalla um. Er því að mati ríkisskattstjóra ekki rétt að gera frekari athugasemdir við tillögurnar eins og þær liggja fyrir í tilvitnuðu frumvarpi. .

Virðingarfyllst


Skúli Eggertsson


Guðrún J. Jónsdóttir